

Ísafirði 2. desember 2018

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar  
Axel R. Överby  
Tæknideild Ísafjarðarbæjar  
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði

**Athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Ísafjörður, 12. október 2018 201850049. Birt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.**

1. Hér með eru gerðar alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og ákvarðanatöku skipulags- og mannvirkjanefndar á tillögu sem auglýst er sem; „Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ“.
2. Hér með eru gerðar alvarlegar athugasemdir við efnislegar breytingar á skipulagi, reit 2 sem í gildi eru samkvæmt gildandi deiliskipulagi og gildandi Aðalskipulagi, sem; „Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ“, hefur í för með sér.
3. Hér eru gerðar alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og ákvarðanatöku bæjarstjórnar vegna framkominnar deiliskipulagstillögu á hverfisverndarsvæði Safnahússins og nágrenni. Og að sniðganga verklag í samþykktu Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er snýr að hverfisvernd, sér í lagi um samskipti og samráð við íbúa og aðra hagsmunaalila í skipulagsvinnunni.

## 1. Liður athugasemda

**Gerð er athugasemd við villandi heiti máls í meðförum skipulags- og mannvirkjanefndar**, bæði sem dagskrárefni og sem efnislegrar afgreiðslu máls og þar af leiðandi gert villandi fyrir íbúa hvað væri þar til afgreiðslu nefndarinnar. Til rökstuðnings:

Fundur nefndarinnar 499, frá 23.maí 2018, 5. liður Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049, **Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir heimild bæjarstjórnar til þess að hefja deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Eyrarskjóls. Leggur nefndin til við bæjarstjórn að heimila deiliskipulagsvinnu.** Fylgiskjöl eru grunnmynd og útlit og skurður af Eyrarskjóli.

Hér má álíta svo, að um óverulega breytingu á skipulagi sé um að ræða og kemur það fram við afgreiðslu í bæjarstjórn, að það sé rétt, þar sem málinu var framfylgt af bæjarfulltrúa og þáverandi formanni skipulags- og mannvirkjanefndar Sigurði J Hreinssyni, í bæjarstjórn 7. Júní 2018, sjá meðfylgjandi ritun eftir upptöku af bæjarstjórnarfundinum:

*„Frú forseti, ágætu bæjarfulltrúar, bæjarstjóri, bæjarritari og aðrir tilheyrendur. Um er að ræða nauðsynlega deiliskipulagsbreytingu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Eyrarskjóli. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er byggingarritur á lóðinni bara nákvæmlega sá sami og útveggir núverandi húsnæði eru og því verður ekki hjá því komist að gera á þessu smá bragarbót.*

*Um er að ræða þá að taka þarf þá væntanlega lóðina sem um ræðir og að geri ráð fyrir að það verið-/nái ekki langt út fyrir það. En ég bara hvet bæjarstjórn til að taka undir álit skipulagsnefndar og og heimlila því deiliskipulagsvinnu“.*

Sigurður J.Hreinsson, 7. júní 2018.

Tillagan samþ. 8-0.

**Samþykkt er deiliskipulagsbreyting ein og sér vegna stækkunar á Eyrarskjóli og með orðum formanns skipulags- og mannvirkjanefndar til bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundinum er það alveg ljóst að áherslan er á Eyrarskjóli einu.**

**Það er metið sem minniháttar breyting samkvæmt Skipulagslögum nr. 123/2010 og Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.**

Vinnu skipulags- og mannvirkjanefndar við deiliskipulagið í framhaldi er svo í lokuðu ferli án samráðs við íbúanna.

**Gerð er alvarleg athugasemd og spurt hvað vakir fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd að haga sér þannig?**

**Samþykkt bæjarstjórnar gekk út á deiliskipulagsbreytingu Eyrarskjóls – þannig var hún samþykkt, og þannig er umboðið sem skipulags- og mannvirkjanefnd hafði – málið hét áfram Deiliskipulag Eyrarskjól.**

Fundur skipulags- og mannvirkjanefndar 503, frá 29. ágúst 2018, 7. liður Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049, lögð fram frumdrög að nýju deiliskipulagi fyrir Eyrartún, tillaga dags. 22.08.2018 unnin af Verkís. Lagt fram til kynningar. Fylgiskjöl stimpluð „Í vinnslu“ og sýna uppdrátt af; Eyrin, reitur 2 - Eyrartún, undirtitill Deiliskipulagsbreyting.

**Á þessum fundi er heiti breytingartillögunnar orðið annað en samþykki bæjarstjórnar gekk út á og því ekki um sömu breytingu að ræða og ekkert samþykki fyrir.**

**Þessum vinnubrögðum er mótmælt þar sem þau eru ekki samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá 7. júní 2018.**

**Hvar liggur fyrir þarfagreining, stefna, fjárhagsáætlun, lýsing á þörf fyrir þessari byggingu og mat á staðsetningu húss, stærð þess, mat á ásýnd svæðisins, áhrif á umhverfi og öll almenn lýsing byggingar og lóðar?**

**Hvar kemur fram í Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008 -2020, að breyta eigi lóð gæsluvallar í 599m<sup>2</sup> byggingu, 9m hárrí yfir mögulegu sjávarmáli, á stækkun lóðar inn á hverfisverndarsvæði, við hlið friðaðs Safnahúss?**

**Bent er á að í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir byggingum á lóð gæsluvallar. Aftur á móti er vísað til hverfisverndar á þessu svæði. Engu er breytt frá eldra aðalskipulagi um sérstöðu skipulags frá 1927 á svæðinu, heldur ýtrekað mikilvægi þess inn í hverfisverndina.**

Á fundi 503, varpar skipulags- og mannvirkjanefnd fram plaggi sem er ekki í ætt við samþykkt um breytingu við Eyrarskjól, sem var heimiluð af bæjarstjórn. Hér er nefndin komin langt út fyrir það umboð sem henni var veitt hvernig sem þeir sem hana skipa vilja snúa út úr því umboði og taka sér meira vald. Á þessu vinnuplaggi koma fram tillögur um stórfelldar byggingar við Túngötu, samfelldur byggingarreitur samtals: 1161.06m<sup>2</sup>, og tvær lóðir samtals: 2322.11m<sup>2</sup>. Stækkun byggingarreitar Túngötu 12, um 39.07m<sup>2</sup> og stækkun byggingarreitar Eyrargötu 3, um 17,17m<sup>2</sup>. Eyrargata Safnahús stækkun um 11.58m<sup>2</sup>. Eyrargata 1 leikskóli, stækkun byggingarreits um 867.46m<sup>2</sup>.

Hér er áherslan allt önnur en að vinna deiliskipulag fyrir Eyrarskjól, hér eru menn komnir í landvinninga og stórfelda breytingu á ásýnd, byggðasögu og breytingu á menningarminum. Ekki er tekið tillit til neins, hvorki ytri friðunar Safnahúss og umhverfi, ásýnd þess, nágrenni og öllu því sem íbúana varðar bæjarásýnd. Athygli fyrir leikskólanum hverfur í duftið fyrir andagift nefndarmanna. Eftir innblástur er plaggið lagt fram, „Í vinnslu“.

**Hér er gerð alvarleg athugasemd við málsmeðferð og að skipulags- og mannvirkjanefnd skuli fara út fyrir umboð sitt með efnistöð í deiliskipulagi. Efnismeðferð og tillaga ber með sér tækisfærnis**

uppástungu og að vaðið er blint fram í hugmyndum og ljóst að öll rök, lýsingu, þarfagreiningu og stefnu vantar.

Það er ljóst að samþykkt bæjarstjórnar 7. júní varðaði Eyrarskjól eitt og sér. Strax á þessum fundi er ljóst að skipulags- og mannvirkjanefnd stefnir í stórfeldar breytingar á svæði sem fellur að hverfisvernd, elsta formlega skipulagi á Íslandi, friðuðu Safnahúsi og ásýnd sem er byggingarsögulegar minjar og bæjarásýnd.

Fundur skipulags- og mannvirkjanefndar 505, frá 26.sept. 2018, 3. liður Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049

Lögð fram **tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Eyrartún**, um er að ræða uppdrátt með greinargerð, frá Verkís, dags. 26.09.2018.

**„Breytingin gerir ráð fyrir að hús við Eyrargötu 1, þ.e. svokallað AA hús víki og stækkun leikskólans Eyrarskjóls við Eyrargötu 1 nái yfir reitinn, jafnframt tekur breytingin til lóðar 10 við Túngötu, þ.e. að skilmálar lóðarinnar breytast. Ekki verður lengur gert ráð fyrir gæsluvelli, hinsvegar er gert ráð fyrir uppbyggingu tengdri safnahúsinu og þeirri starfsemi sem því fylgir.“**

Fylgigögn, uppdráttur og greinargerð: Eyrin, reitur 2-Eyrartún. Undirtitill: Tillaga að Deiliskipulagsbreytingu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að uppdráttur og greinargerð dags. 26.09.2018 verði auglýst skv. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

## 2. Liður athugasemda

Breytingar á uppdrætti og nú tillögu frá fundi skipulags- og mannvirkjanefndar 505, frá 26.sept. 2018, og uppdrætti frá fundi nefndarinnar 499, frá 23.maí 2018, eru:

Lögð er fram greinargerð á tillögublaði. Byggingarlóð við Túngötu er nú ein og merkt nr. 10. **Byggingarreitur er 599.4m<sup>2</sup> og lóð 1198.8m<sup>2</sup> og „hæð 9m yfir sjó, þ.e. álíka hámarkshæð og byggingar á Eyrargötu 1. Gólfkóti byggingar má liggja neðar en gólfkóti Eyrargötu 1, þó þannig að mið verði tekið af hugsanlegri hækkun sjávar“**. Stækkun byggingarreitar Túngötu 12, um 39.07m<sup>2</sup> og stækkun byggingarreitar Eyrargötu 3, um 17,17m<sup>2</sup>. Eyrargata Safnahús um 11.58m<sup>2</sup>. Eyrargata 1 leikskóli, stækkun byggingarreits um 867.5m<sup>2</sup>.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við að tillagan er send til afreiðslu í bæjarstjórn án nokkurrar kynningar eða samsráði við íbúa. Tillagan er í andstöðu við Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þar sem ekki er gert ráð fyrir byggingu á lóðinni.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við meiriháttar breytingu á skipulagssvæðinu þar sem gæsluvallarlóð er breytt og stækkuð inn á hverfisverndað svæði. Gert er ráð fyrir stórri byggingu. Hverfisvernd er skilgreind í gildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, fyrir Eyrina gengur heil og óslitin upp alla eyri og hvelvist yfir skipulagssvæðið. Undan er skilið þar Eyrarskjól og lóð, Túngata 12 og lóð, Eyrargata 3, og lóð. Gæsluvöllur þ.e. sá hluti lóðar sem liggur með Túngötu 12 og Eyrargötu 3.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við að áform um byggingu við Túngötu, það brýtur í bága við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar og þá stefnu Aðalskipulags sem felst í Hverfisverndinni. 90 ára söguminjar skipulags og kvaðir þær sem koma fram í gildandi deiliskipulagi og koma fram í Aðalskipulagi með lýsingum á hverfisvernd og vísunar Aðalskipulags til gerðar Rammaskipulags fyrir svæðið.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við það að breyta lóð gæsluvallar í byggingarlóð og stækka í 1198.8m<sup>2</sup> lóð og 599.4m<sup>2</sup> byggingarreit og 9m háa plús kjallara, eða viðlíka háa. Ásýnd Túngötu og Eyrartúns/Sjúkrahústúns mun algjörlega breytast. Þrengt verður að Safnahúsinu og ásýnd þess laskast. Helmingur húsa við Túngötu ofan við Safnahúsið munu hverfa úr sjónlínu og ásýnd svæðisins. Lokað verður fyrir allt útsýni að Safnahúsi frá þessum húsum þar sem byggingarreitur og stærðarmörk eru frunta stór.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við að þessi framkvæmd er ekki rökstudd með nokkru móti, skilgreind eða að þarfagreining liggir fyrir eða unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

**Gerð er alvarleg athugasemd** um byggingarmagn á lóð, að ekkert greiningarmat liggir fyrir um notkun eða þörf á þessarri byggingu.

**Gerð er alvarleg athugasemd** við framsetningu á 9m hæð byggingar og þá því að ranglega er miðað við hæð Eyrargötu 1, en líklega er hæð þeirrar byggingar nær 4m frá gólfplötu í ris.

**Gerðar eru alvarlegar athugasemdir** við þá málsmeðferð að breyta frá samþykki bæjarstjórnar um deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrarskjól, sem er minniháttar breyting á skipulagi í meiriháttar breytingu á reit 2 sem er á Eyrinni og fara fram eins og engum komi það við að kúvenda eigi 90 ára sögu elsta skipulags á landinu, ásýnd, menningarsögulegum minjum, bæjarásýnd, friði borgaranna og íbúanna við Túngötu, og fara fram í algjörrri andstöðu við skilgreinda hverfisvernd og réttindi borgaranna, sem lögvarðir eru í skipulagslögum og skipulagsreglugerð með aðkomu að skipulagsmálum. Að skila frá sér þessari deiliskipulagstillögu án nokkurs samráðs við borgaranna.

**Gerðar eru alvarlegar athugasemdir** við það að stefnuleysi markar alla málsmeðferð þessa máls. Efnisleg meðferð er ekki ljós, tillögur sem varða málið ekki, yfirtaka verkefnið, þ.e. s. stækkun Eyrarskjóls með deiliskipulagsbreytingu á lóð og byggingarreit og það fellur í skugga illa ígrundaðrar útópíu sem virðist hafa yfirtekið alla almenna skynsemi, svo verkefnið sem til stóð að vinna, virðist að einhverju leyti lagt til hliðar.

Það er alveg ljóst samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 að gerð var sú krafa sem varðar hverfisvernduð svæði að gert var ráð fyrir að unnið væri rammaskipulag Aðalskipulags fyrir þau. Ef það liggur ekki fyrir þá liggur sú kvöð á skipulags- og mannvirkjanefnd að vanda alla meðferð deiliskipulagsmála og ljóst er líka að í ákvæðum um hverfisverndarsvæði er gerð sú krafa samkv. skipulagslögum og skipulagsreglugerð að öll vinna við skipulagsbreytingar og aðrar breytingar er háð samstarfi við hagsmunaaðila og íbúa svæðisins. Í skipulagslögum er gert ráð fyrir að öll slík vinna fari fram áður en skipulagstillaga fær formlega afgreiðslu sveitarstjórnar.

Hér er farið fram með meiriháttar breytingu á skipulagi sem mun hafa afgerandi áhrif á ásýnd og byggðamunstur svæðisins sem hefur byggingarsögulegt gildi með 90 ára staðfest skipulag.

**Vinsamlega rökstyðjið þörf fyrir byggingu við Túngötu 10 samkvæmt breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ.**

**Hversvegna er fallið frá minniháttar deiliskipulagsbreytingu á Eyrarskjóli sem skipulagsnefnd hafði samþykki bæjarstjórnar fyrir?**

**Hversvegna er deiliskipulagsgerðin kölluð þremur ólíkum nöfnum?**

**Hversvegna er ekki sett fram lýsing á vinnslutíma?**

**Af hverju að ganga gegn hverfisvernd og verndaðri ásýnd Túngötu og Safnahúss, sem hefur sögulegt gildi sem elsta lögformlega skipulag á Íslandi?**

**Hversvegna ákveður nefndin að taka verndað svæði undir geymslur?**

**Hversvegna ákveður nefndin að brjóta aftur samkomulag samfélagsins um bæjarmynd Ísafjarðar á Eyrartúni/Sjúkrahústúni, Safnahúss og Túngötu?**

**Hversvegna að breyta ásýnd svæðisins og þrengja að Safnahúsi og húsunum við Túngötu?**

**Hvar er þarfagreining fyrir tillöguna?**

**Hvar er nákvæmari lýsing á byggingunni?**

**Hefur skuggamynd mögulegrar byggingar verið mæld?**

**Hver verður ásýnd Safnahússins við nýbygginguna?**

**Hefur verið gerð lýsing á því?**

**Hver verður ásýndin á Túngötuna?**

**Má byggja bílskúra í Túngötunni, við hliðina á geymslunni?**

**Hversvegna fer skipulagsnefnd fram með svona illa ígrundaða ákvörðun?**

**Hversvegna er ekki unnið með íbúum og hagsmunaaðilum sem varða þessa tillögu?**

**Hversvegna er látið í veðri vaka að íbúum í Túngötu komi það ekki við að byggja eigi fyrir útsýni og fyrir ásýnd götunnar?**

**Eru íbúar við Túngötu ofar Eyrartúni/Sjúkrahústúni eitthvað minna virði en annað fólk í bæjarfélaginu?**

Vakin er athygli á að mögulega eru nefndarnenn á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, 26. sept. 2018, sem hefðu átt að láta vera að afgreiða þessa tillögu sökum hugsanlegs vanhæfis við málið.

Hér með er mótmælt öllum fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ, sem varða reit 2 í deiliskipulagi Eyrarinnar frá 1997, og sem birt er með Auglýsingu frá Skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, 12. október 2018, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, sem varða breytingu landnotkun lóðar nr 10 við Túngötu, úr gæsluvelli í lóð undir geymslur og fl. og áformum um sækkun lóðarinnar inn á hverfisverndarsvæði. Um er að ræða stærð byggingarreits, 599.4m<sup>2</sup> og allt að 9m á hæð, lóðarstærð 1198.8m<sup>2</sup>. Jafnframt eru settar spurningar um aukin byggingartétt íbúðarhúsa innan tillögunar. Ekki er gerð sama krafa um Eyragötu 3, en sú að ásýnd og bakgrunnur Safnahússins vegna þeirrar mögulegu framkvæmda verði gætt að verðleikum.

Hér að ofan hefur verið fjallað um og gerðar athugasemdir vegna nýbyggingarlóðar við Túngötu, sem engan vegin á þar heima við þessi skilyrði. Farið er rangt með hæð viðmiðunar húss, er það viljandi? Þessi bygging og byggingarmagn, samræmist engan vegin því umhverfi sem um ræðir og það hljóta sæmilega greindir menn að gera sér grein fyrir. Byggingarflötur hennar er margfalt stærri en grunnflötur næstu húsa að undanskildu Safnahúsinu og fyrirhuguð hæð það há að hún lokar fyrir húsin við Túngötuna, er það meiningin?

Safnahúsið, Gamla sjúkrahúsið er einstök bygging og í gildandi deiliskipulagi fyrir Eyrina er þessu svæði og Túngötunni allri gerð góð skil, ekkert í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, breytir því, heldur áréttar mikilvægi þessa svæðis, þ.e. Safnahússins og Túngötunnar.

**Gerð er alvarleg athugasemd við stærð og umfangs deiliskipulagstillögunar fyrir niðursetningi lóðar við Túngötu, stærð hennar og byggingarreits.**

Það er ekki rétt upplegg í Auglýsingu Skipulagsfulltrúa frá 12.okt.s.l., að segja að Hverfisverndarsvæði H8 nái að hluta inn á deiliskipulagstillögu svæðið, það rétta er að stækkun lóðar og byggingarreitir fyrir lóð Túngata 10, er færð inn á Hverfisverndarsvæðið til að auka henni pláss. **Þessari aðferð er mótmælt og gerðar athugasemdir við.**

Safnahúsið og Eyrartún er innan Hverfisverndar á reit 2 og ofar er Túngatan á reit 1 undir sömu merkjum. Þrátt fyrir að hér sé um reit 1 og 2 að ræða þá er hverfisverndin heil og samhangandi fyrir heildina. Áhrif friðunar Safnahúss hefur áhrif á allt nærumhverfi þess, yfirbragð, ásýnd, bæjarmynd og þar með Túngötuna, húsin við Eyrargötuna og fl. Fyrir utan menningarlega arfleið svæðisins. Eyrartúnsbæjarins og verndarsvæði hans.

**Gerð er alvarlegar athugasemdir við það að tilraun sé gerð til að spilla stefnu bæjarbúa og bæjaryfirvalda, sem lögð var fram með Deiliskipulagi fyrir Eyrina 1997 með vandaðri vinnu og stefnu Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008- 2020 til varðveislu þeirra menningarminja, byggðasögu og bæjarmyndar sem varðveist hefur á þessu svæði í 90 ár og valin til framtíðar af kostgæfni.**

**Hafi menn áhuga á að „skapa svigrúm til uppbyggingar á reitnum í sátt við verndun á svæðinu“ þá er þetta ekki leiðin eða aðferðin til að skapa sátt.**

**Gerð er alvarleg athugasemd við þá málsmeðferð að auglýsa þessa skipulagsbreytingu án alls samráðs og kynningar til íbúa á vinnslustigi. Skipulagsnefnd hefði líka átt að setja fram kynningu og lýsingu til almennings áður kom til formlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar í auglýsingaferli, þegar sérstaklega er um svo viðkvæmt svæði að ræða. Í því ferli sem hún hefur farið í má mæla hroka og yfirlæti og það er alveg ljóst að hver sá sem vogar sér að gera athugasemdir er hreint ekki velkominn.**

### 3. Liður athugasemda

**Það er hreint út sagt að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, glataði trausti þegar hún samþykkti neðangreinda tillögu á fundi sínum 4. okt s.l., án þess að hún hefði verið kynnt eða unnin með hagsmunaaðilum og íbúum. Ferill breytinganna falinn undir nafni leiskólans, þrátt fyrir viðtæka breytingartillögu er varða verndað svæði og að litlu leyti Eyrarskjól. Þannig falin fyrir íbúum umfang breytingartillögunar.**

*„Tillaga til 423. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. október 2018*

*Tillaga 505. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 26. september sl., um að heimila að greinargerð og uppdráttur frá Verkís dags. 26.09.2018, vegna viðbyggingar við leikskólann Eyrarskjól, verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*1. Deiliskipulag - Eyrarskjól - 2018050049 Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Eyrartún, um er að ræða uppdrátt með greinargerð, frá Verkís, dags. 26.09.2018. Breytingin gerir ráð fyrir að hús við Eyrargötu 1, þ.e. svokallað AA hús víki og stækkun leikskólans Eyrarskjóls við Eyrargötu 1 nái yfir reitinn, jafnframt tekur breytingin til lóðar 10 við Túngötu, þ.e. að skilmálar lóðarinnar breytast. Ekki verður lengur gert ráð fyrir gæsluvelli, hinsvegar er gert ráð fyrir uppbyggingu tengdri safnahúsinu og þeirri starfsemi sem því fylgir.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að uppdráttur og greinargerð dags. 26.09.2018 verði auglýst skv. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010“*

Þá skal þess getið hér að bæjarstjórnarfundur 4. okt. 2018 var ekki auglýstur almenningi fyrr er u.þ.b. fimm tímum fyrir ásettan fundartíma. Þannig að dagskrá fundarins lá ekki fyrir almenningi til glöggvunar með lögmætum fyrirvara.

Bæjarstjórn hafði ekki þroska eða getu til að skilja að það er hlutverk hennar m.a. að miðla málum og gæta að stefnu sveitarfélagsins og gæta að lífræðislegri ákvörðun um aðkomu íbúana og samráð við

vinnu tiltekinna mála s.b. deiliskipulags hverfisverndaðra svæða, sem er þegar samþykkt í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir þetta svæði.

Hún brást líka eftirlitshlutverki sínu með málsmeðferð mála og í raun tók þátt í rangri málsmeðferð. Það var sannfæring alls þessa hóps að þetta væri rétt, að auglýsa illa búið, ókynnt, án samvinnu við íbúanna, plagg sem hafa mundi mikla breytingu í för með sér á verndað svæði, ásýnd þess og hagsmuni íbúanna, og spyrja svo „enda gætu áhugasamir gert athugasemd ef þau vildu“ og svo skoða þessir sömu aðilar vægi þessarar athugasemda og bera saman við eigin gjörðir og ákvarðanir.

Í Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar er stefna Ísafjarðarbæjar skýr með Hverfisvernd menningarsögulegra minja og tekur það sérstaklega yfir Eyrina á Ísafirði. Ekki er hægt að komast hjá því að taka það upp í deiliskipulagi og gera því hátt undir höfði. Hlutverk sveitarfélagsins í verndun sögulegra minja og verndun byggðaásýndarinnar er bæði augljós og skilda.

*Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja; skipulagslög nr.123 22.september 2010.*

Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Þó ákvæðin séu afgerandi hvað varðar útlit húsa, þá mun traustur grunnur efla þróunarmöguleika alls sveitarfélagsins; *úr Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020, um Hverfisverndunarsvæði, sem ætlað er til að vernda svæðið og hag og aðkomu íbúa að ákvarðannatöku. Jafnframt er gott að líta til laga um verndarsvæði í byggð nr. 87 13. júlí 2015.*

*Hverfisvernd: 90/2013 Skipulagsreglugerð, Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. Taka skal tillit til verndun svæða og einstakra mannvirkja.*

*Kapteininn Haukur  
Tungata 4  
Ísafirði*

*Guðbjörgur Angelsson  
Tungata 9  
Ísafirði.*

*Móttakið 03.12.2018*







Ísafjörður, 12. október 2018  
2018050049

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 4. október s.l. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Breytingarsvæðið afmarkast af Eyrargötu, Hafnarstræti, Túngötu og Kirkjugötu, eða svokallaður reitur 2 í gildandi deiliskipulagi Eyrarinnar. Markmið breytingarinnar er að skapa svigrúm til uppbyggingar á reitnum í sátt við verndun á svæðinu. Heimilt yrði að stækka leikskólann Eyrarskjól við Eyrargötu 1. Notkun lóðarinnar að Túngötu 10 breytist úr því að vera ætluð undir gæsluvöll og verður nú ætluð undir starfsemi sem tengist safnahúsinu s.s. forvörslu, geymslur og starfsmannaaðstöðu.

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br.

Skipulagssvæðið er innan svæðis Þ12 sem er m.a. ætlað fyrir safnahús og leikskóla. Stærstur hluti er opið svæði en hluti tilheyrir íbúðarsvæði Í3. Hverfisverndarsvæði H8 nær að hluta inn á svæðið en safnahúsið er þó eina byggingin sem nýtur hverfisverndar á þessu svæði deiliskipulagstillögunnar. Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags. Húsakönnun og fornleifaskráning liggja fyrir.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, frá **18. október til 30. nóvember 2018** og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is).

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **3. desember 2018** annaðhvort á skrifstofur Ísafjarðarbæjar eða á netfangið: [axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is)

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

